



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is



24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Undirbúningur síðasta fjölbýlishússins hafinn

Nú hillir undir lok uppbyggingar við Hrólfsskálamel en verið er að undirbúa byggingu síðasta fjölbýlishússins af þremur. Byggingaraðili hússins og eigandi verkefnisins er fasteignafélagið Upphaf en umsýjaraðili verkefnisins er fasteignapróunarfélagið Klasi og aðalhönnuðir eru ASK arkitektar.

Í húsinu verða alls 34 íbúðir og fylgir hverri íbúð bílastæði í sameiginlegri bílageymslu sem þegar er risin. Hönnunin leggur ríka áherslu á fjölbreytileika í stærð íbúða, hagkvæmni og mikil gæðum sem m.a. endurspeglast í efnisvali, hönnun rýma og góðri lofthæð íbúðanna. Algengar stærðir á tveggja herbergja íbúðum að meðtöldum geymslum er um 70 fm., þriggja herbergja íbúða um 110 fm. og fjögurra herbergja íbúðum um 140 fm. Á tveimur efstu hæðum hússins verða íbúðirnar stærri og að hluta til með geymslum í kjallara með beinu aðgengi úr bílageymslu. Byggingaráformin voru nýlega samþykkt af bæjaryfirvöldum og er gert ráð fyrir að jarðvinna hefjist í næsta mánuði. Uppsteypa mun hefjast síðla vetrar og standa fram á næsta haust. Afhending íbúða er ráðgerð um mitt ár 2016.




Slökkvitækjaþjónustan
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélag - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!



 **græn heilsa**
Ægisíða 121
Sími 551 1717
Opið alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímamann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórhur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Málefni aldraðra

Sigurður Ólafsson vélfræðingur og íbúi á Seltjarnarnesi í 54 ár ritur hér í blaðinu um öldrunarmál á Nesinu. Eftir að hafa fjallað nokkuð um það sem hann telur að til bóta myndi verða við þjónustu við eldri borgara snýr hann sér að máli sem brunnid hefur á bæjaryfirvöldum og ýmsum íbúum um nokkra hríð. Er það bygging hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi.

Sigurður telur vænlegra að fara aðrar leiðir en byggja umrætt hjúkrunarheimili. Hann segir að bygging þess feli í sér umtalsverðan kostnað fyrir Seltjarnarnesbæ – bæði hvað stofnkostnað varðar og ekki síður rekstrarkostnað sem hann telur að falla muni á bæjarfélagið. Hann bendir á að dvalartími fólks á hjúkrunarheimilum sé skammur. Jafnvel aðeins eitt til tvö ár vegna þess að eldra fólk er sífelld lengur í heimahúsum. Einnig er margt fólk orðið svo illa farið og veikt þegar það kemur til dvalar á hjúkrunarheimili að litu skipi marga hvort þeir dvelja í heimabyggð á öðrum stöðum í nágrenni og njóti nauðsynlegrar hjúkrunar.

Sigurður telur mun vænlegra fyrir Seltjarnarnesbæ að byggja öfluga þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara sem fólk sem enn geta dvalið í heimahúsum og nefnir aldurshópin frá 67 ára til 85 ára til því sambandi. Hann segir að þjónustumiðstöð geti risið á því landi sem ætlað er fyrirhuguðu hjúkrunarheimili og einnig megi nýta hálfbyggt hús sem ætlað var Læknin-gaminjasafni. Þá segir hann nauðsyn að byggðar verði 50 til 90 fermetra íbúðir sem fólk á þessu aldursbili geti nýtt sér.

Málefni aldraðra eru enn að formi til á forræði ríkisins þótt sveitarfélög komi að þeim málum en stefnt er að því að þau flytjist alfarið til sveitarfélaga. Málefni fatlaðra eru komin í umsjá sveitarfélaga og á Seltjarnarnesbær þegar í samstarfi við Reykjavíkurborg um þann málaflokk þar sem bæjarfélagið er of fámennt til að standast lagaboð sem þjónustuvæði. Verði af flutningi öldrunarmálanna má gera ráð fyrir að þjónustuvæði þeirra verði hin sömu eða jafnvel gerð krafa um fjölmennari svæði. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga þegar í umtalsverðu samstarfi. Má nefna Strætó og Sorpu sem dæmi og nú er verið að koma á fót starfi skipulagsstjóra alls höfuðborgarsvæðisins.

Spyrja má hvort kominn sé tími til að Seltjarnarnesbær og Reykjavíkurborg leiti samstarfs á sviði hjúkrunarmála í stað þess að einblína á byggingu hjúkrunarheimilis á Nesinu. Hugmyndir Sigurðar eru líka allar athygli verðar.



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi



Afmælistónleikar Tónlistarskólans með 211 hljóðfæraleikurum

Tónlistarskóli Seltjarnarness er sannarlega ein af skrautfjöðrum bæjarins og hefur lagt grunninn að mörgum af bestu og efnilegustu tónlistarmönnum landsins í dag. Skólinn fagnar fertugasta aldursári sínu laugardaginn 14. febrúar næstkomandi með fjölmennustu tónleikum sem skólinn hefur ráðist í.

"Á tónleikunum koma fram allir nemendur skólans," segir Kári Einarsson skólastjóri, sem stendur í ströngu þessa dagana við að koma dagskránni heim og saman, stilla saman æfingatíma nemendanna, sem flestir hafa í mörg horn að líta og finna til tónlistina. "Meiningin er að allir nemendur skólans komi fram í lagasyrpu sem við erum að æfa núna af fullum krafti, en það kostar

skipulagningu að setja saman dagskrá með svona mörgum þátttakendum. Nemendum hefur verið skipt upp í 13-14 hópa sem stíga á svið hver á fætur öðrum og leika samfelt í klukkustund. Tónleikarnir eru ókeypiss og öllum opnir og vonumst við til að flestir sjái sér fært að mæta, aðstandendur sem og eldri og nemendur og kenningar. Það er vel við hæfi að hafa tónleikana 14. febrúar en þá er einmitt Dagur Tónlistarskólanna," segir Kári að lokum. Tónleikarnir verða í Seltjarnarneskirkju og hefjast kl. 15:00.

Nesbúinn



Nú þarf maður að fara að draga fram reiðhjólíð!

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími

511 1188

www.borgarblod.is



Áhrifasaga Saltarans - Útgáfufagnaður í Seltjarnarneskirkju

Solveig Lára Guðmundsdóttir vigslubiskup á Hólum og Agnes Sigurðardóttir biskup Íslands með bókarhöfundu dr. Gunnlaugi A. Jónssyni prófessor í útgáfufagnaðinum og heldur Solveig Lára, fyrrv. sóknarprestur okkar Seltirninga á eintaki af bókinni Áhrifasaga Saltarans.

Um 200 manns mættu til útgáfufagnaðar í Seltjarnarneskirkju 15. jan. s.l. Þar sameinuðust tvö elstu starfandi félög landsins Hið íslenska biblíufélag (1815) og Hið íslenska bókmenntafélag (1816) og samfögnuðu Gunnlaugi A. Jónssyni prófessor með útgáfu hins ítarlega verks hans Áhrifasaga Saltarans (629 bls.)

Fjallar ritíð um Davíðssálma í sögu og samtíð, ekki síst margvísleg menningarleg áhrif þeirra í íslensku þjóðlífi, svo sem í bókmenntum, tónlist, myndlist og síðast en ekki síst erlendum kvikmyndum. Hér er því að ræða menningarsögu í víðum skilningi og eru bókinn ríkulega myndskreytt. Útgáfuhólf þetta var liður í hátíðahöldum Hins íslenska biblíufélags til að fagna 200 ára afmæli félagsins, en fjölmargir viðburðir eru fyrirhugaðir á vegum félagsins á afmælisárinu. Í hófinu sem Ólafur Egilsson fyrrv. sendiherra stýrði flutti m.a. Ásgerður Halldórsdóttir kveðju frá bæjarfélaginu til bókarhöfundar sem stýrt hefur listahátíðum í Seltjarnarneskirkju frá árinu 1996. Fleiri ræður voru fluttar, þ. á m. af Gunnlaugi, og tónlist flutt tengd efni bókarinnar, m.a. lagið Ave maria, eftir Sigvalda S. Kaldalóns, tónskáld, afa bókarhöfundar.

Gönguleið skólabarna á framkvæmdatíma við Hrólfsskálamel 1-5



Ný gönguleið fyrir skólanemendur

Vegna byggingarframkvæmda á Hrólfsskálamel, hefur að undanförunu verið unnið er að því að afmarka svæðið og setja upp girðingu í kringum það. Einnig er unnið að útfærslu á nýrri gönguleið fyrir grunnskólanemendur og aðra vegfarendur.

Núverandi gangstétt meðfram Nesvegi er og verður opin þar til ný gönguleið er frágengin og hefur verið kynnt. Skólaliði mun verða við gangbrautarljósinn við

Suðurströnd/Nesveg í næstu viku og leiðbeina skólabörnum með nýju gönguleiðina. Ný gangbraut verður merkt yfir Hrólfsskálamel, milli göngustígs og skólalóðar og hlið opnað á girðingu skólalóðar við gangbrautina. Þeir foreldrar sem aka börnum sínum til skólans eru beðnir um að aka alls ekki um Hrólfsskálamel, heldur hleypa börnunum út á bílastæði skólans við Nesveg eða við Skólabraut.



SELTJARNARNESBÆR

KJÖR ÍÞRÓTTAMANNS OG KONU SELTJARNARNESS 2014 FER FRAM ÞRIÐJUDAGINN 24. FEBRÚAR 2015.

Íþrótt- og tólmstundaráð Seltjarnarness óskar eftir ábendingum frá íbúum á Seltjarnarnesi um íþróttamann og íþróttakonu sem sýnt hefur framúrskarandi árangur í íþróttagrein sem fellur undir starfsemi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Upplýsingar um þann sem er tilnefndur til Íþróttamanns Seltjarnarness þurfa að vera ítarlegar og það helsta sem þarf að koma fram er:

- **Nafn, kennitala, heimili og sími**
- **Hversu lengi viðkomandi hefur stundað íþróttina**
- **Ástundun og hversu mikið er æft**
- **Titlar eða árangur**
- **Félagslega hliðin**
- **Annað sem þið viljið koma á framfæri**

Athugið að aðeins þeir sem eiga lögheimili á Seltjarnarnesi eiga möguleika á að vera tilnefndir, óháð hvar íþróttin er stunduð.

Allar upplýsingar eða ábendingar skulu berast á tölvupóstfangið haukur@seltjarnarnes.is fyrir 3. febrúar.



Safnanótt og Sundlaugapartý á Seltjarnarnesi

Seltjarnarnesbær tekur virkan þátt í Vetrarhátíð dagana 5. til 8. febrúar með þéttri, fjölskylduvænni og ókeypis dagskrá í Bókasafni Seltjarnarness og Sundlaug Seltjarnarness. Nánari upplýsingar um alla viðburði Vetrarhátíðar má finna á vetrarhatid.is safnanótt.

Nýr og glæsilegur sýningarsalur, Gallerí Gróttu, verður opnaður á Safnanótt föstudaginn 6. febrúar í Bókasafni Seltjarnarness. Fyrsti listamaðurinn til að sýna í salnum er myndlistar- og tónlistarmaðurinn Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir meðlimur í hljómsveitinni FM Belfast.

Safnanótt stendur frá kl. 19-24 og er lögð áhersla að allir finni þar eitthvað við sitt hæfi, en diskótaktur og diskóljós er undirliggjandi þema næturinnar.

Dagskrá:

19:00: Sýningaropnun í Gallerí Gróttu. Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir – Haugurinn.

19:30: Vísinda Villi býður upp á æsispennandi tilraunir og fróðleik.

19:00-21:00: Opín diskó-handverks smíðja fyrir börn og foreldra.

20:30: Grease-elding. Helga Laufey Finnbogadóttir og nemendur úr Tónlistarskóli Seltjarnarness með atriði úr Grease.

21:30: Diskódans – Sýningaratriði og danskennsla fyrir alla.

22-23: Lóa Hlín verður með leiðsögn í Gallerí Gróttu.

Safnanótt fer fram í öllum sófnum höfuðborgarsvæðisins kl. 19-24 og sér safnastrætó um að flytja gesti á milli staða þeim að kostnaðarlausu. Safnanæturleikurinn verður í gangi þar sem vegleg verðlaun eru í boði. Sundlaug Seltjarnarness býður öllum ókeypis í sund á Sundlaugarnótt sem haldin verður laugardagskvöldið 7. febrúar frá kl. 20 til 24. Sundlaugarnóttinn hefst með sundlaugaflofti kl. 20 en frá kl. 20:30 færast fjór í leikinn þar sem fulltrúar úr Ungmennaráði Seltjarnarness og Selinu sjá um dagskrá til miðnætis.

Íbúáping um málefni eldra fólks

Árni Einarsson bæjarfulltrúi Neslistans hefur lagt til að efnt verði til íbúáþings um málefni eldra fólks á Seltjarnarnesi og fari það fram eigi síðar en 15. febrúar n.k. Árni leggur til að á þinginu verði m.a. leitað eftir tillögum og hugmyndum um hlutverk og þjónustu bæjarins við þennan aldrushóp og sett á laggirnar sérstakt „öldungaráð“ sem verði ráðgefandi vettvangur gagnvart bæjarstjórn um málefni eldri borgara.

Í greinargerð með tillögunni segir að eldri borgarar séu dýrmætir samfélagsþegar sem búi að mikill þekkingu og lífsreynslu og geti gefið samfélaginu áfram mikið þótt þeir séu horfnir af hinum formlega atvinnuvettvangi. „Við þurfum að tryggja virkan vettvang og farveg svo samfélagið fái sem best notið þess auðs sem þeir búa yfir og jafnframt tryggja að rödd þeirra heyrst og þeir geti haft áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir sem varða líf þeirra og velferð. Virk þátttaka eldra fólks í samfélaginu eykur lífsgæði þeirra sjálfra og gefur samfélaginu mikið.“ Árni bendir á að öldrun fylgja ýmsar breytingar og ný verkefni en sýn samfélagsins í garð eldra fólks megi ekki einskorðast við vanheilsu og stofnanavæðingu. „Eldri borgarar eru ekki einsleitir hópur. Þeir hafa ólík áhugamál, skoðanir og þarfir eins og aðrir aldrushópar. Það er mikilvægt að þjónusta sveitarfélagsins taki mið af því og hlúi sem best að heilsu, virkni og mannlegum samskiptum þeirra með fjölbreytni og valkosti að leiðarljósi.“ Árni segir að eldra fólk er hlutfallslega stór hópur á Seltjarnarnesi. „Við Seltirningar þurfum



Árni Einarsson.

að tryggja að raddir þeirra heyrst og skapa þeim farveg. Framundan er m.a. bygging hjúkrunarheimilis sem gefur tækifæri til þess að horfa til framtíðar og meta og endurmeta þjónustu Seltjarnarnesbæjar við eldri borgara. Bæjarstjórn vísaði tillögunni til fjölkylfundnefndar.



Raуда Íónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MEÐ
eða
BORÐAÐU Á STAÐNUM

flóru matur





KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti
Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slífflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is





Systrasamlagið á ári fjóssins!

VIRIDIAN ERU NÝ KYNSLÓÐ VEGAN VÍTAMÍNA OG BÆTIEFNA!

Stórtíð gæðastref hafa verið stigin í framleiðslu "heilla" bætiefna og vítamína, byggð á nútímavísindum í bland við gamla reynslupefningu sem m.a. liggur í Ayurveda lífsvísindunum, kínverskum lækningum og grasafraðinni.

Viridian eru fremst meðal jafningja, virka og fást í Systrasamlaginu.



20 % AFSLÁTTUR AF VIRIDIAN TIL 7. FEB.

LÍFRÆNT KAFFI M/LÍFRÆNNI BLÍBÚ MJÓLK!


Eða viltu næringarmikjan þeyting, croissant, samloku, skot, chlograut, hellaúbita, kökur, kaffi með smjöri? Við erum stíft að þróa innihaldsríkt göðgætt.

Þragðgæðin eru okkar megin!



MANDUKA ERU TAJ MAHAL JÓGADÝNANNA!

MANDUKA jógaðýnur og -handklæði, hugleiðslupúðar og allskyns fylgihlutir af allra bestu gæðum.



SAMFLOT 2015:

Fjótandi slökun og hugleiðsla í Sundlaug Seljarnamess verða eftirfarandi sunnudaga frá 9.00 til 9.45:

25. janúar
9. feb. á dagekrá
FRÍÐSÆLDAR / FEBRÚAR
22. febrúar
8. og 22. mars
12. og 16. apríl
10. og 31. maí

Ómótsaðlega notalegt!

Flotahetta og fótarflokkur í Systrasamlaginu:
17.700 kr

SUBURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

AFGREIÐSLUTÍMAR

Fyrir neðan sundlauginu og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 5116367

Virkir dagar 8 - 18
Laugardagar 10 - 16

Hvatamenn að samgöngusamningi

Fastráðnir bæjarstafsmenn á Seltjarnarnesi fá nú mánaðarlegar greiðslur vegna kostnaðar við samgöngur og frítt í sundlaug og bókasafns bæjarins. Þessi kjarabót bæjarstafsmanna var samþykkt á fundi bæjarráðs fyrr í þessum mánuði. Með framtakinu boðar Seltjarnarnesbær kjarabætur til handa starfsmönnum og stuðlar um leið að bættri lýðheilsu- og umhverfisvitund auk menningarlegrar upplifunar þeirra. Samkomulagið tekur gildi frá og með 1. janúar 2015 og gildir út árið.

Það voru þær Ásta Vilhjálmsdóttir og Borghildur Hertvig grunnskólakennarar á Seltjarnarnesi sem voru hvatamenn að því að bæjaryfirvöld ákváðu að gefa öllum starfsmönnum bæjarins kost á að undirrita samgöngusamning og öðlast starfstengd hlunindi, sem fela í sér umtalsverðar kjarabætur frá og með 1. janúar 2015. Bláðamaður Nesfrétta hitti kennarana og brautryðjendurna Ástu og Borghildi í bókasafni Mýrarhúsaskóla á dögnum. Þær Ásta og Borghildur afhentu Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra undirskriftarlista með um 60 nöfnum starfsfólks Grunnskóla Seltjarnarness



Ásta Vilhjálmsdóttir og Borghildur Hertvig grunnskólakennarar.

um miðjan október en söfnun undirskrifta hafði staðið yfir í um það bil tvær vikur. Þær segja að umræður um samgöngusamninginn hafi komið upp af og til en að þær hafi látið til skarar skrifa í haust með þessum óvænta og ánægjulega árangri. Báðar hafa þær um árabíl gengið eða hjólað í vinnuna og þekja til þess að samgöngusamningar eru við lýði hjá fyrirtækjum í einka- og opinbera geiranum.

Vistvænar samgöngur

Markmið samgöngusamningsins er að hvetja starfsfólk Seltjarnarnesbæjar til að nota vistvænan og hagkvæman ferðamáta. Slikur samningur er hvatning til að bæta umhverfið, bæjarbraginn og stuðla að góðri heilsu starfsfólks bæjarins og annarra. Samgöngusamningurinn felur í sér að starfsmenn bæjarins noti vistvænar samgöngur til og frá vinnustað í a.m.k. 80%

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími:
511 1188

tilvika. Þeir starfsmenn, sem undirgangast samgöngusamninginn, fá mánaðarlega greiddar óskattlagðar 4.500 krónur en upphæðin getur einnig nýst sem mánaðarleg greiðsla upp í árskort hjá Strætó. Þá gefst starfsmönnum einnig kostur á ókeypis aðgangi í Sundlaug Seltjarnarness og fá bókasafnskort hjá Bókasafni Seltjarnarness þeim að kostnaðarlausu.

Hjóla hvernig sem viðrar

„Ég bý á Ránargötunni og hjóla hvernig sem viðrar,“ segir Ásta. „Áður kem ég við í Sundlaug Vesturbæjar og fæ mér sundsprett og hjóla svo út á Nes. Nú þegar kortið mitt er að renna út þar þá breyti ég rúntinum og fer í Sundlaug Seltjarnarness í staðinn, þannig að þetta er umtalsverð kjarabót fyrir mig. Ég var að fá mér nagladekk undir hjólið mitt í fyrsta skipti og það gerir gæfumuninn. Mér finnst mjög endurnærandi að geta ferðast á þennan hátt og forðast að nota bílinn minn í lengstu lög. Ég set ekki rysjóttá tíð fyrir mig, í mínum huga er hún áskorun. Þar að auki eru strætósamgöngur frekar óhagstæðar fyrir mig og ef ómögulegt

er að hjóla þá geng ég frekar.“ Borghildur býr á Nesinu og segist alltaf hafa gengið til vinnu líka þegar hún vann við bankastörf á Hótel Sögu. „Mér finnst líka skipta máli að vera góð fyrirmynd,“ segir Borghildur. „Við erum grænfánaskóli og mér finnst mikilvægt að við starfsfólk skólans göngum á undan með góðu fordæmi og notum umhverfisvæna samgöngumáta. Börnin taka eftir því ef við erum á hjólum og gangandi og tala um það. Líkt og Ásta hef ég þurft að bregðast við erfiðri færð og því eru mannbroddar orðinn staðalbúnaður hjá mér. Maður er vel vaknaður þegar maður mætir til vinnu eftir hressandi útiveru og svo má ekki gleyma því að þetta er ekki síður andleg líkamsrækt en líkamleg.“ Ásta bætir við að það sem hafi vakið hana til meðvitundar um umhverfisvænni lífsstíl er ádeila sem hún las eftir ungan mann sem sagði að þeir sem væru sífellt að predika um umhverfisvænan lífsstíl væru sístir til að uppfylla hann. Keyrandi í líkamsræktina, hlaupandi á bretti sem gangi fyrir rafmagni í stað þess að nota umhverfisvænar samgöngur. Lesning vakti hana til umhugsunar og hún sneri við blaðinu og sér ekki eftir því.

Góð viðbrögð samstarfsfólks

Ásta og Borghildur nefna að þær séu sérstaklega ánægðar með hversu Ásgerður bæjarstjóri tók vel á móti þeim og hversu skjóta afgreiðslu málið fékk hjá bænum og bæjarstjórn. „Einnig voru viðbrögð samstarfsfólks okkar afar góð og við getum bara glaðst yfir því að hafa komið þessu góða málefni til leiðar,“ segja hinir kraftmiklu og úrræðagóðu kennarar að lokum áður en þær hlaupa í næstu kennslustund.

Geymið auglýsinguna

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Ásgerður Halldórsdóttir skrifar:

Seltirningar ánægðir með bæjarfélagið

Á Seltjarnarnesi eru 94% íbúa ánægðir með búsetuskilyrði bæjarfélagsins, samkvæmt árlegri þjónustukönnun sem Capacent gerir meðal sveitarfélaga. Bærinn fær hæstu einkunnina sem gefin er, þ.e. 4,5 af 5 mögulegum. Þjónusta Seltjarnarness á heildina litið út frá reynslu og álitum íbúa nýtur verðskuldaðrar viðurkenningar en þriðja árið í röð er Seltjarnarnesbær með hæsta stigafjölda meðal bæjarfélaga landsins og efst á listanum á þessu ári. Á heildina litið er Seltjarnarnesbær efst eða mjög ofarlega í öllum þáttum könnunarinnar sem spurt var út í og á metið í fimm þeirra.

Þessi jákvæða niðurstaða undirstrikar jákvætt viðhorf bæjarbúa til samfélagsþjónustunnar og er starfsfólki og stjórnendum bæjarins hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Gæði umhverfis í hávegum haft

Það kemur ef til vill ekki á óvart en Seltjarnarnesbær er efst stiga meðal sveitarfélaganna þegar kemur að gæðum umhverfis og er þar með hæstu einkunn á landsvísu þriðja árið í röð. Þá skipar Seltjarnarnes sér í annað sæti þegar kemur að ánægju með skipulagsmál bæjarfélagsins og fer sú ánægja vaxandi á milli ára.

Menningarumhverfi

Íbúar Seltjarnarness eru ánægðastir landsmanna með menningarmálin í bæjarfélaginu, en aukin áhersla hefur verið lögð á þann málaflokk undanfarið ár með jákvæðum árangri.

Eldri borgarar una hag sínum vel

Ánægja eldri Seltirninga með þjónustu bæjarins er sú hæsta sem mælist á landinu þriðja árið í röð og hefur aukist á milli ára. Niðurstaðan þykir endurspegla áherslu í stjórnun þessa málaflokks en mikið kapp hefur verið lagt á að skipuleggja nærþjónustu við aldraða í samráði við þá sjálfa með það að markmiði að þeir eigi þess kost að búa sem lengst á eigin heimili. Það samræmist einnig yfirlýstri stefnu félagsamtaka eldri borgara.

Aðstaða til íþróttaiðkunar fyrsta flokks

Ánægja bæjarbúa á Seltjarnarnesi



hefur aukist á milli ára þegar kemur að aðstöðu til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu. Niðurstöður könnunarinnar sýna að Seltjarnarnes skipar þar efsta sæti meðal þátttakenda í sveitarfélögum landsins.

Ánægja barna- og fjölskyldufólks eykst

Aðrir þættir sem styðja við ánægju bæjarbúa á Seltjarnarnesi er há einkunnagjöf þegar kemur að þjónustu bæjarins við barnafjölskyldur. Fram kemur að um 82% íbúa Seltjarnarness eru ánægðir með þjónustu grunnskóla bæjarins og 87% eru ánægðir með leikskólann en ánægjan með þjónustuna fer vaxandi á báðum stofnunum á milli ára. Seltjarnarnesbær hefur

lagt áherslu á að Nesið sé leiðandi í skóla-, æskulýðs- og íþróttastarfi á landsvísu, og leggur áherslu á jöfn tækifæri, árangur og vellíðan, sem endurspeglast í niðurstöðum könnunar Capacents.

Gott samstarf, betra samfélag

Bæjarstjórn og starfsmenn bæjarfélagsins leggja sig fram um að hlusta eftir hvaða þjónusta skiptir máli fyrir bæjarbúa. Að baki þeirri aðferðafræði liggur sú sannfæring okkar að samstarfið skili sér í betra samfélagi og hagkvæmari rekstri.

Höfundur er bæjarstjóri Seltjarnarness

Seltjarnarneskirkja:

Fræðslu- morgnar

Í ár eru liðin 200 ár frá stofnun Hins íslenska Biblíufélags, elsta starfandi félags á landinu. Það var stofnað 10. júlí 1815 á heimili Geirs Vídalíns, biskups, Seltirningsins góðkunnna, í Aðalstræti 10.

Seltjarnarnessókn stendur fyrir þessum fræðslumorgnum í tilefni af afmælisári Biblíufélagsins. Verða þeir haldnir kl. 10 á sunnudagsmorgnum, fyrir messu. Eftirfarandi fyrirlestrar fjalla um Biblíuna frá ýmsum sjónarhornum.

Febrúar:

1. Áhrif Biblíunnar í verkum mínum. - Kristín Gunnlaugsdóttir, myndlistarmaður.

8. Biblían og tónlistin. - Margrét Bóasdóttir, verkefnisstjóri kirkjutónlistar, flytur/fjallar um efnið í tali og tónum.

15. Áhrif Biblíunnar á íslenskt mál. - Jón G. Friðjónsson, prófessor.

22. Áhrif Biblíunnar í ritverkum mínum. - Guðrún Helgadóttir, rithöfundur og fyrrverandi forseti Alþingis.

Mars:

1. Biblían og Lúther. - Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur.

8. Áhrifasaga Saltarans - Davíðssálmur í sögu og samtíð. - Dr. Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor.



LEYNILEIKHÚSIÐ

Frábær leiklistarnámskeið í þínu hverfi!

TJÁNING, SKÖPUNARKRAFTUR, SJÁLFASTRÁUST OG GLEÐI

12 vikna leiklistarnámskeið fyrir krakka í 2.-10. bekk viðsvegar um höfuðborgarsvæðið

SKRÁNING ER HAFIN!

www.leynileikhusid.is • info@leynileikhusid.is • S: 864-9373



Ekkert er ómögulegt í listinni

Safnanótt er framundan. Þá bregður safnafólk á leik og býður gestum og gangandi að taka þátt í margskonar viðburðum. Starfsemi safna hefur verið að breytast úr fremur afmörkuðum hlutverkum í stofnanir þar sem lögð er áhersla á alhliða menningarstarfsemi og gildir þar einu um hver rót safnanna er. Hvort það eru bókmenntir, mynd- og sjónlist eða önnur safnastarfsemi. Hugtakið safnfræðsla og miðlun hefur einnig verið að festast í sessi hér á landi sem samheiti yfir aðferðir og leiðir sem söfn nýta til menntunar og miðlunar fróðleiks. Rakel Pétursdóttir er deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Íslands og hefur tekið þátt í og stýrt starfi á þeirri leið sem söfn hér á landi hafa verið að feta sig eftir. Rakel er fæddur Vesturbæingur en ólst að mestu leyti upp á Seltjarnarnesi. Eftir nám og síðan búsetu austur á landi og ferðir um heiminn, varð Seltjarnarnes aftur að heimkynnum hennar þar sem hún hefur búið um árabíl. Rakel spjallar við Nesfréttir að þessu sinni.

„Nei – ég er ekki innfæddur Nesbúi,“ segir Rakel þegar tíðindamaður sem mætti nokkrum mínútum of seint til fundar við hana í Bókasafni Seltjarnarness hefur fengið sér sæti og kveikt á tölvunni. „Ég er fædd í Reykjavík og bjó fyrstu árin í húsi afa míns sem hét Blátún og stóð á milli Melhaga og Hringbrautar við Kaplaskjólsvæg. Með nýju skipulagi var húsið látið vikja og lóðin tekin undir byggingu fjölbýlishúsa. Þarna voru nokkur hús á stangli. Ég man eftir Skálholti og Jófríðarstöðum en þeir stóðu skammt frá KR velli. Afi minn var Jón Þorleifsson (1891-1961) listmálari og hann var með heimili og vinnustofu í Blátúni. Afi var ættaður frá Hólum í Hornafirði og eins og flest öll Hólasystkinin hélt hann utan til náms. Hann steig á skipsfjól árið 1918 og hélt til Kaupmannahafnar til að stunda myndlistarnám. Eftir ellefu ára búsetu í Kaupmannahöfn flutti hann heim ásamt ömmu minni og nöfnu Rakel Ólöfu Pétursdóttur, ljósmóður sem ættuð var úr Aðalvík. Þau byggðu Blátún þar sem amma mín gat stundað garðrækt auk þess að gera



Rakel Pétursdóttir er deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Íslands.

tilraunir með línrækt samhliða ljósmóðurstörfunum. Jón afi hélt reglulega málverkasýningar í Blátúni og eina samsýningu héldu þau móðir mín Kolbrún Jónsdóttir (1923-1971) í Listamannaskálanum við Austurvöll. Afi skrifaði líka fyrstur manna listgagnrýni fyrir Morgunblaðið og vann ötullega að ýmsum félagsmálum myndlistarmanna. Veðsetti til að mynda heimili sitt og vinnustofu fyrir Listamannaskálann.

Að rækta garðinn sinn

Garðurinn í Blátúni var fjölskrúðgur og vakti eftirtekt á sinni tíð. „Ég á meira að segja málverk eftir afa minn sem er málað á hörstriga sem amma óf úr líni sem hún ræktaði sjálf í garðinum. Rakel yngri á ættir að rekja til Ungverjalandis í föðurætt en kveðst ekki hafa kynnst föðurfólki sínu fyrr en á fullorðinsárum. „Ég hef aldrei hugsað mikið um þessi tengsl en á tvær hálfssystur sem búa vestanhafs sem hefur verið ákaflega gefandi að kynnst. Heillandi konur, báðar menntaðar frá Stanford háskóla þar sem faðir minn kenndi m.a. stærðfræði. Þær líta á mig sem litlu systur á Íslandi og senda mér fallega pakka með allskonar hlutum og þar á meðal leikföng fyrir barnabarnið Rakel Maríu. Ég eignaðist á hinn bóginn

góðan stjúpfaður. Hann var Gísli Halldórsson (1907-1966) verkfræðingur. Gísli var um margt merkilegur maður. Hann hafði lært verkfræði í Danmörku og hafði einnig starfað í Þýskalandi og Bandaríkjunum. Eftir að hann kom heim vann hann mikið fyrir sjávarútveginn meðal annars að hönnun ýmissa nýjunga í tengslum við fiskiðnaðinn. Má segja að hann hafi verið frumherji á ýmsum sviðum m.a. reisti hann fyrstu gufufastlöðina uppi á Helligsheiði og tendraði ljósaperur til að sýna fram á að slíkt væri hægt. Gísli fósturfaðir minn var einnig mikill áhugamaður um stjörnufræði og geimvísindi, fórum við systkinin ekki varhluta af þessum áhuga hans þar sem auðvelt var að lesa í stjörnurnar úti á Nesi meðan götulýsing var takmörkuð. Hann setti fram tilgátu um eðli og upphaf alheimsins Contracting Universes 1956 og sendi til stjarnvísindamanna víða um heim þar sem kenning hans fékk góðan hljómgrunn. Móðir mín Kolbrún Jónsdóttir (1923-1971) stundaði myndlistarnám við Mills College í San Fransisco í Bandaríkjunum á árunum 1943-1948 án þess að koma heim í millitíðinni. Hún hlaut fyrstu verðlaun í myndhöggvaralist sem skólinn veitti árið 1945. Það var ekki svo algengt að stúlkur færu erlendis til náms á þessum tíma. Ég hef sjálf komið þarna

og sýndist mér sömu byggingarnar standa ennþá samkvæmt þeim ljósmyndum sem ég hef séð frá námsárum hennar og ennþá er þetta meðal virtustu skóla þar vestra og á skólinn jafnframt mikið listasafn.“


Listandi í Mýró

Kom aldrei neitt annað til greina hjá Rakel en að fara listabrautina. „Ég flutti með móður minni og fósturfaður á út á Seltjarnarnes 1960. Ég byrjaði í Gamla Mýrarhúsaskólanum þá um haustið en fluttist síðan yfir í nýja Mýró. Ég naut þess fljótt hversu mikill eldmóður var í kennurunum sem störfuðu við nýja skólann. Við fengum að prufa eitt og annað sem telja má til skapandi greina, skák, dans og leiklist en mikil áhersla var jafnframt lögð á myndlist. Arthúr Ólafsson kenndi okkur þá grein í byrjun. Hann var mjög góður kennari og umgekkst nemendur sína sem jafningja. Við vorum þó nokkuð mörg sem vorum oft í skólanum frameftir á laugardögum við að teikna og mála. Endaði með því að ég og vinkona mín Ragnheiður Hrafnkelsdóttir máluðum stóra ævintýramynd á vegg í anddyri skólans og nokkrir ótrúlega flinkir strákar máluðu skemmtilega mynd á vegginn á móti sem fjallaði um Íslandssöguna. Þessi verk heyra nú sögunni til en þetta er til vitnis um þann anda sem ríkti í skólanum á þessum tíma. Þarna kenndu líka ákaflega skemmtilegir kennarar svo sem rithöfundarnir Einar Bragi Ólafsson (1921-2005) og Birgir Sigurðsson. Það var ávallt tilhlökkunarefni að hlusta á Einar Braga lesa Ditte mansbarn eftir Martin Andersen Nexø. Eitt af því sem er mér jafnframt ógleymanlegt frá árunum í Mýró er skólaferðalag austur í Suðursveit áður en brúað var með Einar Braga sem leiðsögumann. Ég vitna ennþá í sögur hans þegar ég keyri um þetta svæði. Eftir Mýró lá leiðin í landspróf og síðar í Myndlista-handiðaskólann. Líklega hefur ekkert annað komið til greina eins og þú spurðir um. Ég fann að mér þótti gaman að kenna og aflaði mér kennsluréttinda í grunn- og framhaldsskóla. Ég fór síðan austur á land til Egilsstaða þar sem ég starfaði við kennslu um nokkurt árabíl bæði við grunnskólann og menntaskólann. Ég átti einstaklega góð ár fyrir austan.

Þar voru margir ungir kennarar við störf og höfum við haldið vinskapið síðan. Nei – sé ekki eftir að hafa eytt þessum árum í sveitinni ef svo má að orði komast en þá voru Egilsstaðir smám saman að breytast úr litlu sveitaþorpi í þá byggð sem er einkonar miðstöð Austurlands. En frekara listnám blundaði alltaf í mér svo ég hélt utan til Danmerkur á vit listagyðjunnar. Þetta urðu alls átta ár á Egilsstöðum en ég tók þetta í tveimur áföngum. Ég bætti síðar við mig námi í safnafræði í Amsterdam og hef síðan reynt að stuðla að aukinni þekkingu hér heima á fræðasviðinu. Ég flutti síðan aftur í heimahagana á Seltjarnarnesi með fjölskylduna, eiginmann og tvo syni árið 1985. Nú býr eldri sonur minn hér einnig með sína fjölskyldu svo við erum ekki að fara neitt.“

Listin eina leiðin til að segja sannleikann

Talið berst að Listasafni Ísland. „Ég er búin að starfa óslitið við Listasafnið frá árinu 1987 á meðan safnið var við Suðurgötu. Þetta er búinn að vera ánægjulegur tími. Ég hef átt þess kost að starfa með mörgu áhugaverðu fólki en hef einkum fengist við að byggja upp fræðslustarfsemi á vegum safnsins. Í tengslum við nánast allar sýningar hefur verið unnin viðamikil fræðslu- og viðburðadagskrá. Ég hef verið í þeirri stöðu að eiga samtál um myndlist við fjölda fólks um nær þriggja áratuga skeið“, segir Rakel og við það vakna spurningar um hvað hafi breyst. „Það hefur margt breyst á þessum tíma og breytingarnar hafa verið örur. Segja má að búið sé að víkka myndlistarhugtakið út. Það snýst ekki lengur eingöngu um málverk og höggmyndir heldur allt þar á milli. Allt sem er myndrænt og hægt að túlka út frá því sjónarhorni. Listamenn í dag nota öll þau meðöl sem henta hugmyndinni og þannig hefur listin í raun engin takmörk að því leyti. Orðið sjónlist hefur orðið til á þessum tíma. Það nær til víðara sviðs þegar margbreytileikinn er orðinn mikill og nýir samskiptamiðlar og tækni eru hluti af þeirri breytingu. Myndlistin verður meira alþjóðleg fyrir vikið. Söfnin eru ekki eins hátiðleg og áður og hafa tekið mið af þessari þróun. Safn er samfélagslegt fyrirbæri sama utan um hvað það heldur. Safn verður að segja sögu. Listasafn Íslands er þjóðlistasafn og ber að halda utan um okkar listasögu. Ég veit að mörgum finnst miður að ekki sé hægt að ganga að fastri yfirlitssýningu í safninu þar sem þróunin er rakin. Það væri vissulega æskilegt



Mynd eftir afa hennar Jón Þorleifsson listmálara í Blátúni af Jesú þvo fætur Péturs. Evrópsku áhrifin leyndu sér ekki.

en safnahúsið er lítið miðað við safneignina og ef miðað er við stóru söfnin í öðrum löndum. Flest þjóðlistasöfn hafa yfirlitssýningar auk þess að hafa rými fyrir sérsýningar. Aðstaðan og rýmið þyrfti að vera meira. En vandamálið hefur að hluta til verið leyst með því að setja upp sérsýningar sem segja hluta af sögunni með því að kynna þessa arfleifð auk þess að kynna samtímalistina. En safneign okkar, þessi sameiginlegi menningararfur gæti auðveldlega fyllt marga stóra sali til viðbótar.“

Safn á að vera lifandi hluti samfélags

Hvernig er þekkingu fólks á myndlist háttáð í dag. Rakel hugsar sig um og segir: „Mér finnst stundum neyðarlegt hvernig fólk gatar á spurningum sem snerta myndlist í spurningarkeppnum sem snúast um almenna þekkingu“. Víða er þó unnið gott starf í grunnskólum, við búum svo vel að eiga vel menntaða kennara á sviði myndlistar en námið í grunn- og framhaldsskóla mætti eflaust vera meira og heildstæðara. Listnámið þyrfti að fá áherslu til jafns við aðrar greinar innan skólanna. Það er oft lítið á skapandi greinar sem einkonar uppfyllingu eða aukagreinar. Ef til vill

má rekja þetta að einhverju leyti til samræmdu prófanna sem miðuðust við raungreinar og tungumál. Ég hef stundum velt því fyrir mér af hverju sögukennarar nota myndlistina ekki meira í kennslu. Sagan og myndlistin eru samofin. Rakel bendir á hvernig listgreinarnar hafa runnið saman. Fundið sér farveg hver inn í annarri. Tónlist, myndlist, ljósmyndatækni og leiklist koma gjarnan við sögu í performans- eða gjörningaforminu. Listamönnum liggur oftast mikið á hjarta og því hefur verið haldið fram að listin sé eina leiðin til að segja sannleikann. Að njóta myndlistar krefst þátttöku. Segja má að þátttaka sé lykilorðið svo myndlistin verði merkingarbær. Það er mikið óunnið á sviði rannsókna á íslenskum menningararfi og ánægjulegt að fylgjast með fjölgun nemenda á sviði listfræði og safnafræða. Kröfur til safnanna um ýmskonar þjónustu og um auknið aðgengi í viðum skilningi eru sífellt að aukast. Nú er ég að taka við nýrri deild rannsókna og sérsafna. Rannsóknastarfið bætist við önnur verkefni hjá mér svo sem doktorsnám og ég hef mikinn áhuga á að takast á við það. Þetta gefur líka ný tækifæri til þess að móta og efla fræðslustarfseminna. Það er alltaf spennandi að takast á við ný verkefni.“

Náttúran hluti af menningu Seltirninga

Rakel lítur yfir sviðið úr kaffihorninu í bókasafni Seltjarnarness. Fólk er að koma og fara. Fá sér kaffi. Líta í blöðin. Sumir spjalla saman. Aðrir láta sér nægja að bjóða góðan dag. Bókasöfnin eru líka að breytast. Í lestrarsölum þar sem áður mátti vart hósta hvað þá segja orð nýtur fólk félagslegra samskipta. „Þetta er hluti af þeim breytingum sem eru að verða og orðnar í safnameningunni. Hið lokaða form safnanna hefur opnast og fólk leitar ekkert síður eftir félagslegum samskiptum innan veggja þeirra en hinna efnislegu hluta. Þetta styður hvað annað. Og nú erum við komin með fallegan sýningarsal hér í bókasafninu. Þetta er mjög áhugaverð og skemmtileg tenging. Annars höfum við Seltirningar allt sem við þurfum. Hér er gott að vera og ég er ekki nema sjö mínútur að fara í vinnuna niður á Frikirkjuveg. Það er gaman að vera hér á æskuslóðunum og geta haldið sambandi við gamlar skólasystur og vinkonur. Nesið er engin sveit lengur eins og þegar ég var að alast upp, gekk í Mýró og aðstoðaði við síldarsöltun. Návígið við sjávarútveginn og landbúnaðinn ekki lengur hluti daglegs lífs og leiks en náttúran er einstök. Hún er hluti af menningu Seltirninga.“



TAPASBARINN
HINN EINI SANNI Í 14 ÁR

KÍKTU VIÐ Í „LATE DINNER“

Eldhúsið okkar er opið
til 23.30 á virkum dögum
og til 01.00 föstudögum og laugardögum



RESTAURANT - BAR
Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is

Sigurður Ólafsson vélfræðingur skrifar um öldrunarþjónustu á Seltjarnarnesi

Þjónustumiðstöð og íbúðir fyrir 60+

Öldrunarþjónusta og félagstarf eldri borgara er staðsett á nokkrum stöðum á Seltjarnarnesi og dagvist aldraðra við Skólabraut 5 er bænum ekki til sóma. Í kjallara Valhúsaskóla er aðstaða fyrir „Timburmenn“ smíðastofu og glerlist. Þarna er engin salernisaðstaða. Einnig er rétt að benda á að aðgengi að húsinu bakdyramegin er ekki boðlegur fyrir heldri konur og karla með skerta hreyfigetu. Aðstaða fyrir eldri borgara sem sækja tíma í það starf sem er í boði í Valhúsaskóla er ekki boðleg. Eldri borgarar eiga að leggja bílum í stæði við fótboltavöll og ganga bakdyramegin í kjallarann. Fólk sem notar þessa aðstöðu vill alls ekki missa af tímum vegna þess að það er svo gaman að koma í tíma einu sinni í viku, þetta er eins og að mæta í vinnu og veitir þeim mikla gleði og lífsfyllingu. Barna og unglingskólar eru hannaðir fyrir ungt fólk en ekki eldri borgara.

Frambjóðendur í hvaða flokki sem er segja alltaf fyrir hverjar kosningar „við ætlum að verja grunnþjónustu“. Þetta segja allir frambjóðendur í hvaða flokki sem er. Þetta fólk áttar sig ekki á því að grunnþjónusta er í raun fyrir alla aldurshópa, og á að vera það í bæjarfélaginu. Hér er útdráttur úr lögum frá Alþingi um málefni aldraða frá 1999 nr. 125 31 des.

V. kafli. Öldrunarþjónusta. 13. gr. 2. „Þjónustumiðstöðvar aldraðra sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta.“

Leigja húsnæði fyrir félagstarfið

Krafa ríkisins er vel skilgreind. Það á ekki að velja húsnæði þar sem fólk er beinlínis meinaður


aðgangur að félagslegri þjónustu sem það á rétt á, vegna þess að bæjarfélagið er að spara krónuna til að sína „hagnað“, í ársreikningi. Það á að veita alla þjónustu með myndarbrag, eldri borgarar eiga svo sannarlega rétt á því. Þeir eru búnir að greiða gjöld til bæjarfélagsins í áratugi og tekið þátt í því að byggja upp Seltjarnarnesbæ eins og hann er í dag. Ég legg til að Seltjarnarbær leigi húsnæði fyrir félagstarf eldri borgara þangað til bærinn eignast félagsmiðstöð sem verður vonandi byggð. Mörg fátæk bæjarfélög úti á landi leigja svona húsnæði fyrir sína eldri borgara, þau bæjarfélög eru flest ekki eins vel stæð og Seltjarnarnesbær.

Um hjúkrunarheimili og þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara

Núverandi bæjaryfirvöld segjast ætla að byggja 40 rýma Hjúkrunarheimili fyrir eldri bæjarbúa. Reglur ríkisins eru þær að bæjaryfirvöld hafa ekkert með að gera hver og hvar fólk fær inni á hjúkrunarheimili. Það er vistunarmatsnefnd sem velur fólk inn á hjúkrunarheimil. Fólk hefur þrjá valkosti sem það skrifar á umsókn, en það er samt óvist hvar það lendir á hjúkrunarheimili það getur verið á Grund - Hrafnistu - Boðarþingi í Kópavogi - Garðabæ - Mosfellsbæ. Ríkið greiðir 60 % af byggingarkostnaði og okkar bæjarsjóður með allan afganginn greiðir 40 %. Hvert rúm kostar að meðaltali 25 milljónir. Meðal dvalartími á hjúkrunarheimili er um tvö ár og líklega orðin styttri því fólk fer veikara og veikara inn á hjúkrunarheimili í dag og það eitt krefst meiri umönnunar. Það er dýrara að reka hjúkrunarheimili í dag. Ríkið er ekki að fylgja verðlagi með því að hækka daggjöld.

Ríkið borgar ekki tapið

Ríkisjóður borgar ekki tap á



Sigurður Ólafsson.

hjúkrunarheimili, tapið lendir á bæjarsjóði. Garðabær og Mosfellsbær borga tugi milljóna með sínum nýju hjúkrunarheimilum úr bæjarsjóði. Okkar nýja hjúkrunarheimili er búið að teikna tvisvar til þrisvar sinnum, eitthvað kostar það. Við eigum að sleppa því að byggja hjúkrunarheimili eins og hinir, látum aðra um að reka hjúkrunarheimili sem bæði kunna og geta. Það er alveg sama hver tekur að sér reksturinn hann mun ekki bera tapið, það gerir bæjarsjóður alltaf um ókomna tíð. Til að Hjúkrunarheimili verði hagstæð rekstrareining þarf að hafa 90 rúm, þá er líklegra að ekki þurfi að borga með því.

Hvað getum við gert í staðinn fyrir hjúkrunarheimili ?

Byggjum þjónustumiðstöð á þeim stað sem hjúkrunarheimilið átti að vera. Þar rétt hjá er hús sem við eigum að hluta, og vitum ekki hvað við getum gert við, hvernig væri að breyta því í sundlaug og nota okkar frábæra heita vatni og óborganlegu útsýni á þessum stað. Í þessum þjónustukjarna verður allt sem hægt er að gera til að lengja líf heldri borgara á Seltjarnarnesi, svo að þeir geti verið sem lengst heima

hjá sér. Staðreyndin er sú að eldri borgurum á eftir að fjölga um 30 % og eiga eftir að verða eldri. Lífið frá 67 ára til 85 ára eru 18 ár, kannski lengra og kannski styttra. Við eigum að gera allt sem við getum til að fólk geti verið heima hjá sér eins lengi og það getur. Við eigum að hvetja landeigendur, sem er Landey, til að byggja 60+ blokkir á þessu svæði 50 til 90 fermetra íbúðir, meira af litlum íbúðum. Hver vill ekki byggja íbúðir sem þeir mundu selja strax, og hafa þær í tengslum við þjónustumiðstöðina. Bæjarstjórn ætti að leita samstarfs víða og þar á meðal við Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg er ný búinn að byggja þjónustumiðstöð sem heitir Borgir og er við Spöngina í Grafarvogi, það er sérstaklega vel heppnað hús sem getur þjónað öllu sem er tíundað í 13. greininni hér að framan.

Bæjarfélagið er þjónustufyrirtæki

Bæjarfélag er ekki gróðafyrirtæki það er þjónustufyrirtæki það er gott að sína aðhald í rekstri. en það má ekki gleyma sumum bæjarbúum það á að veita þjónustu við alla bæjarbúa og gera það með reisn. Það gengur ekki að eldri borgarar í þessu samfélagi verði að flytja í annað bæjarfélag af því það er ekki í boði neitt nema rándýrar íbúðir. Ef ég mætti velja hvort ég vildi að bæjarfélagið byggji frekar hjúkrunarheimili eða nútíma þjónustumiðstöð sem þjónar fleirum eldri borgurum á Seltjarnarnesi en hjúkrunarheimilið þá myndi ég velja nútíma þjónustumiðstöð og 60+ blokkir fyrir eldri borgara þar sem er stutt er í frábært útivistarsvæði.

Höfundur er vélfræðingur og situr í stjórn Sjómannaáráðs sem á og rekur Hrafnistuheimilin. Hefur auk þess verið íbúi á Seltjarnarnesi frá 1960.

17 ára reynsla og þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í NEW YORK

Verð frá **30.000*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.

ISLENSKA SÍJA.SI CE 83202 00/14



Njóttu hveggar mínútu

Þú þarft ekki að æða upp Empire State. Eða rjúka í gegnum Central Park og missa af öllu á hraðferðinni. Það sem skiptir máli er að njóta tímans. Labba frekar en að taka leigubíl. Kíkja handan við hornið. Skrifa ferðadagbók og taka þúsundir ljósmynda. Horfa upp. Hlusta. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lífa.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

    Vertu með okkur

ICELANDAIR 

*Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.

Kynningarbæklingur á kostnað forvarnarstarfs?

Gleðilegt nýtt ár kæru Seltirningar. Rétt fyrir áramót gaf Seltjarnarnesbær út kynningarrit um störf bæjarins sem sent var út um allt land sem sérblað með Fréttablaðinu. Mikil umræða spratt af stað á samfélagsmiðlum þar sem gagnrýnt var hversu pólitískt og einhliða blaðið var, sumir vildu einfaldlega meina að kosningabaráttta Sjálfstæðisflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningar 2018 væri hafin og það á kostnað bæjarsjóðs Seltirninga.

Að mínu mati er stærsta spurningin hvert markmiðið með blaðinu var. Að sjálfsgöðu var flest jákvætt í blaðinu enda fjallað um það frábæra starf sem starfsfólk bæjarins og bæjarbúar vinna en umfjölunin um bæjarstjóra fortíðarinnar og nefndarmenn sjálfstæðisflokksins dæmir sig sjálf. Auðvelt hefði verið að fá fleiri sjónarmið að borði við gerð blaðsins og sérstakt

að ekki hafi verið hugsað út í það áður en um 2,5 milljónum króna af skattféi Seltirninga var eytt í blað af þessu tagi.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Skorið niður hjá ungmennahúsi

Blaðið er þó sérstaklega þörf áminning á það hversu mikilvægt það er að bæjarbúar séu virkir, gagnrýnir og kaupir ekki allt sem sett er fram í fréttatilkynningum bæjarins. Sem dæmi má nefna að í fjórum af greinum í blaðinu er fjallað um það flotta starf sem fer fram í ungmennahúsi Seltjarnarness og hjá ungmennaráði Seltjarnarness en á sama tíma sker meirihlutinn niður 62,5% (500.000 kr.) af öllu fjármagninu sem ætlað er í verkefni á vegum hússins og ráðsins fyrir árið 2015. Það er kannski þaðan sem bærinn sótti einmitt peninginn fyrir útgáfu blaðsins en ég segi þá fyrir mína parta að ég tel mikilvægara að bærinn eyði peningum í góða þjónustu við bæjarbúa fremur en að segja öðrum bæjarfélögum frá þjónustu sem hann setti eitt sinn fjármagn í.

Guðmundur Ari Sigurjónsson
Bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar
á Seltjarnarnesi

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

UMHVERFISHORNID

Flokkum og skilum - grenndargámar

Á Seltjarnarnesi er tveggja tunnu kerfi. Í júlí 2013 var íbúum afhent pappirstunna, en fyrir þann tíma höfðu margir bæjarbúar aðeins verið með tunnu fyrir almennt sorp.

Við losun sorps og pappírs er notaður sami bíllinn, en hann er tvískiptur þ.e. með tveimur hölfum og því efnisflokarnir aðskildir. Pappirstunnan er losuð á 28 daga fresti, en gráa tunnan er losuð á 14 daga fresti. Á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar geta íbúar kynnt sér sorphirðudagatal ársins 2015.

Við berum öll ábyrgð á þeim úrgangi sem frá okkur kemur. Markviss flokkun dregur úr urðun og stuðlar þar af leiðandi að lægri kostnaði við meðhöndlun og förgun úrgangs, sem greiddur er af sveitafélaginu/íbúum.

Á bílplani við Hagkaup standa nokkrir grenndargámar. Einn þeirra er merktur „Plastumbúðir“. Þann gám viljum við sérstaklega kynna í þessum pistli í von um að íbúar taki virkan þátt í að forðast urðun plast.

Safnið saman öllum umbúðum úr stífu plasti svo sem plastdósir, -bikara, -brúsa, -bakka og fl. Tæma vel, pressa saman til að minnka rúmmál. Mjúkt plast eins og plastfilmu, bóluplast og plastpoka. Frauðplast t.d. utan af raftækjum og undan ýmsum matvællum.

Þrifa þarf allar matarleifar úr plastumbúðum. Fjarlægja þarf allan pappa sem kann að fylgja samsettum umbúðum. T.d. umbúðir utan af smjörva fara í tvo flokka. Lokið flokkast sem plast, en boxið flokkast sem sléttur pappi.

Hvernig veit maður hvort umbúðir eru plast eða ál, t.d. kaffi- og álpokar? Þumalputtareglan er sú að ef þú krumpar það saman og það sprettur út aftur er það plast, ef það helst samankrumpað er það ál.

Þessum plastúrgangi safnið þið saman í poka og komið við fyrsta hentugleika í næsta grenndargám sem merktur er plastumbúðir eða á endurvinnslustöð Sorpu.

Stærri plathlutir eins og dollur, húsgögn, balar og fl. þarf að fara með á endurvinnslustöð Sorpu.

Ýmsar heimildir,
F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður.

NES FRÉTTIR www.borgarblod.is

LEGSTEINAR

MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA



Stofnað 1952

Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



Félagsstarf eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi

Starfsfólk félags og tómstundastarfsins óskar öllum gleðilegs árs og þakkar samstarfið á liðnu ári.

Nú er komið út nýtt dagskrárblað sem gildir frá janúar til júní 2015. Dagskrárblað þetta á að hafa borist öllum bæjarbúum 67 ára og eldri. Á blaðinu er að finna föstu dagskrána sem gildir fyrir hvern virkan dag. Þar er einnig yfirlit og dagsetningar yfir aðra viðburði sem þegar búið er að ákveða fram á sumarið.

Þegar verið er að gera dagskrá sem þessa þá miðast hún út frá aðsókn og eftirspurn á því sem í boði hefur verið á undangengnum árum. Hafi fólk hugmyndir sem bæta má inn í dagskrána, þá endilega komið þeim á framfæri. Forstöðumaður félagsstarfsins er Kristín Hannesdóttir.

Fyrsti viðburðurinn á árinu fyrir utan föstu dagskrána er:

Tónleikar í Félagsheimili Seltjarnarness miðvikudaginn 21. janúar kl. 20.00.

Selkórinn hefur haft þann skemmtilega sið undanfarin ár að bjóða eldri

bæjarbúum til kaffisamsætis og tónleika í félagsheimilinu. Þökkum gott boð með góðri mætingu.

Helgistund og þorramatur í kirkjunni Þriðjudaginn 27. janúar kl. 11.00. Skráning.

Gaman saman í Selinu miðvikudagskvöldið 28. janúar kl. 20.00

Fyrsta „óvissuferðin á árinu verður fimmtudaginn 29. janúar. Farið verður í Hönnunarsafn Íslands og skoðuð sýningin: Ertu tilbúin frú forseti? Farið verður frá Skólabraut kl. 13.00. Skráning.

Þjóðleikhúsið. Sjálfstætt fólk. Síðdegissýning í Þjóðleikhúsinu fimmtudaginn 5. febrúar kl. 15.00. Skráningarblöð á liggja frammi á Skólabraut vegna þeirra viðburða sem það á við.

Nú stendur yfir skráning á námskeið í leir og listasmiðju hjá Rögnu í síma 862 3041. Gler og glerbræðslu hjá Ingibjörgu í síma 899 5829. Innritun í bókband er hjá Kristínu en hún gefur einnig upplýsingar varðandi dagskrána og aðra viðburði í síma 893 9800.



Ný leikföng í skólaskjólinu

Mikil kátína ríkir nú í Skólaskjólinu því búið er að kaupa ný leikföng fyrir krakkana.

Foreldrafélag Grunnskólans færði Skólaskjólinu veglega peningagjöf og í samráði við krakkana var ákveðið að kaupa leikföng af ýmsum gerðum.

Starfsfólk og börn þakka kærlega fyrir gjöfina.

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST



BRENSLA / MÓTUN

BELLY FITNESS
KICK FUSION SÚPERFORM
UNGLINGAHEYSTI
FITNESS FORM HÖRKUFORM



HARDCORE

FITNESSBOX
ÓLYMPÍSKAR LYFTINGAR
HERÞJÁLFUN KETILBJÖLLUR
FREESTYLE FITNESS
KARLAFORM



STYRKUR

STOTT PILATES
FIT PILATES
BOOTY BALLET



LÍFSTÍLL

NÝR LÍFSTÍLL BETRA BAK
MEDGÖNGULEIKFIMI
MÖMMUTÍMAR

Nánari upplýsingar og skráning á worldclass.is

WorldClass
ICELAND



Stelpurnar hafa verið duglegar að mæta á æfingar.

8. flokkur kvenna tekinn til starfa

Undanfarin ár hafa stelpur og strákar á elsta ári í leikskólunum æft saman en í október síðastliðinn var ákveðið að breyta til og skipta kynjunum upp. Þetta var gert í þeirri von um að fjölga stelpunum þar sem strákar hafa verið í meirihluta í 8. flokki Gróttu.

Jórunn María og Guðfinna Kristín þjálfuðu stelpurnar fram að áramótum og mætti segja að mætingin hafi gengið framar vonum. Á jólaæfingu stelpnanna í desember var mætt í jólaklæðnaði

og fengið piparkökur sem stelpurnar voru þvíflegt ánægðar með.

Vegna breyttar stundatöflu gátu stelpurnar ekki haldið áfram að þjálfá 8. flokk kvk og hefur nú hinn þaulreyndi þjálfari Björn Valdimars-son tekið við stelpunum.

Æfingarnar eru kl. 12:50 til 13:50 á föstudögum, Bjóssi sækir stelpurnar á leikskólann og labbar með þær í íþróttahúsið og til baka. Vonandi sjáum við fleiri upprennandi fótboltastjörnur á næstu æfingu!

Fanney og Nanna íþróttamenn Gróttu og æskunnar 2014

Fanney Hauksdóttir var nýlega valin íþróttamaður Gróttu 2014 og Nanna Guðmundsdóttir íþróttamaður æskunnar. Einnig voru veitt starfsmerki félagsins og þeim sem leikið hafa fyrir hönd Íslands í fyrsta skipti voru einnig veittar viðurkenningar. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri var svo gerð að heiðursfélaga Gróttu

Fanney Hauksdóttir, kraftlyftingakona, sigraði í bekkpessu á Íslandsmóttinu á síðasta ári. Hún keppti einnig fyrir hönd Íslands á heimsmeistaramóti unglunga í bekkpessu þar sem hún varð heimsmeistari þegar hún lyfti samtals 135 kg. Hún sigraði ekki einungis sinn flokk (63 kg) heldur stóð hún uppi sem sigurvegari mótsins. Með þessu stórbætti hún Íslandsmetið. Fanney er í 7. sæti á heimslista IPF í 63 kg flokki. Fanney er 22 ára og hefur undanfarin þrjú ár æft kraftlyftingar en áður æfði hún fimleika hjá Gróttu.

Nanna Guðmundsdóttir, fimleikakona, varð tvöfaldur Íslandsmeistari í fimleikum á árinu, í 1. þrepi og frjálsum æfingum en Nanna



Fanney Hauksdóttir og Nanna Guðmundsdóttir.

hefur einnig afrekað það að verða Íslandsmeistari í öllum þrepum fimleikastigans síðustu fjögur ár. Hún varð einnig bikarmeistari í 1. þrepi með sínu liði. Hún varð svo Milanómeistari og sigraði sína grein í fimleikaeinvígi FSÍ. Nanna var valin í landslið Íslands og keppti með þeim á tveimur mótum á árinu. Nanna er 14 ára gömul og hefur æft fimleika frá 4 ára aldri hjá Gróttu.

www.grottasport.is



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



Ragnheiður

kraftlyftingakona ársins

Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir úr Gróttu er kraftlyftingakona ársins 2014 útnefnd af Kraftlyftingasambandi Íslands.

Árangur Ragnheiðar á árinu var frábær en hún var stigahæsta kona landsins með samtals 400 kg. Þá varð hún Íslandsmeistari í kraftlyftingum og í réttstöðulyftu og Norðurlandameistari í 57 kílóa flokki og bætti Íslandsmetin í öllum þremur greinum í sínum flokki. Ragnheiður mun næst keppa á Evrópumeistaramóttinu í kraftlyftingum sem fram fer í maí nk.



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170

Apotek Restaurant:

Þar sem gaman er að borða

Fjöldmörg veitingahús hafa skotið upp kollinum á höfuðborgarsvæðinu á undanförunum árum. Þau eru eðlilega af nánast öllum stærðum og gerðum. Við viljum hér benda lesendum okkar á nýtt einstakt veitingahús sem hóf rekstur fyrir nokkrum vikum. Apotek Restaurant er spennandi veitingahús staðsett á einu fallegasta horni Reykjavíkur í Austurstræti 16. Húsnæðið er sérstaklega glæsilegt og býr að langri sögu. Lengst af var Reykjavíkuraapotek þar til húsa, frá 1930 til 1999 og sækja eigendur veitingahúsins innblástur til þess tíma.



Apotek Restaurant er spennandi veitingahús staðsett á einu fallegasta horni Reykjavíkur í Austurstræti 16.

súkkulaði er handgert daglega. Hann lærði konditorinn í Danmörku og útskrifaðist hæstur í bekknum ásamt því að hann fékk bronsmedalíu frá drottningunni sjálfri fyrir framúrskarandi árangur. Eftirréttir eru undir klassískum evrópskum áhrifum með nútímasveflu. Franskar Maccarons, litlar bragðbombur í 8 spennandi tegundum, Hægt er að njóta eftirréttanna á staðnum eða koma við á eftirréttabarnum og taka með heim sætan bita eða ljúffenga gjöf í fallegum gjafaumbúðum.

Lyfseðill á barnum

Á Apotek restaurant er lifandi kokteilbar þar sem verðlaunaðir "apotekarar" hrista saman spennandi "artisan" kokteila við allra hæfi - örvandi, róandi og jafnvel verkjastillandi.

Það er ekki að ástæðulausu að við hvetjum lesendur okkar til að líta við í skemmtilegasta Apoteki bæjarins. Þrátt fyrir að allar innréttingar staðarins séu hinar glæsilegustu þá er Apotek Restaurant látlaus og fallegur staður þar sem gott og gaman er að borða, hvort sem er í hádeginu eða að kvöldi. Svo er auðvitað hægt að „dropa við“ í setustofunni í kaffi og „sælurétt“ allan daginn. Ekki skemmir að eigendur staðarins eru þeir sömu og eiga einhverja vinsælustu staði bæjarins Tapas barinn og Sushi Samba. Það eitt er góður vitnisburður um gæði staðarins.

Eldhúsið

Matreiðslumeistararnir eru Carlos Gimenez og Theódór Dreki Árnason. Carlos Gimenez er frá Buenos Aires í Argentínu og lauk námi við einn virtasta matreiðsluskóla Suður-Ameríku. Hann hefur starfaði á fjölda veitingahúsa m.a. í Argentínu, Úrúgvæ, Danmörku og á Spáni á hinu margrómaða El Bulli veitingahúsi undir stjórn hins þekktu matreiðslumeistara Ferran Adria. Teddi Dreki Árnason hefur fjölbreytta reynslu úr veitingageiranum og hefur starfað á Grillinu, Tapasbarnum og á Vox. Hann starfaði einnig á Texture í London og sem einkakokkur í Frakklandi.

Apotek Restaurant er "casual/smart" staður þar sem boðið er upp á ljúffengar veitingar í liflegri stemningu og flottu umhverfi. Fjöldi smárétta er á matseðlinum sem mælt er sérstaklega með að gestir smakki og njóti saman.

Aðalrétirnir eru ekki af verri endanum og eru fjölmargir spennandi valkostir á boðstólum; Önd og vaf-la, vistvænn kjúklingur og 60 daga „dry – aged“ nautakjöt ásamt fersku sjávarfangi

Apotek Patisserie

Axel Þorsteinsson „Pastry chef“ er sælkerinn á bak við eftirréttahúsið, þar sem eftirréttir, makkarónur, og

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Björgvin Þór Hólmgeirsson, leikmaður ÍR í handbolta. Hann hefur leikið vel fyrir ÍR í vetur og er markahæsti leikmaður úrvalsdeildarinnar. Björgvin starfar sem íþróttakennari í Valhúsaskóla og hefur búið á Seltjarnarnesi undanfarin ár.

Fullt nafn? Björgvin Þór Hólmgeirsson.

Fæðingard. og ár? 20. September 1987.

Starf? Íþróttakennari í Valhúsaskóla.

Farartæki? Toyota og reiðhjól.

Helstu kostir? Metnaðarfullur og nokkuð stundvís.

Eftirlætis matur? Jólamatúrinn er alltaf klassískur.

Eftirlætis tónlist? Er í raun alæta á tónlist í dag en á mínum yngri árum þá var Oasis og Prodigy mikið spilað. Einnig fékk Backstreet Boys að fylgja með!

Eftirlætis íþróttamaður? Larry Bird.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Ég hef ákaflega gaman af allskonar uppvakningarmyndum og því kemur Walking Dead sterklega inn í augnablikinu. Einnig horfi ég mikið á Supernatural og Friends, blanda sem aldrei klikkar.

Besta bók sem þú hefur lesið? Ég hef nú ekki beinlínis verið að lesa mikið af bókum undanfarin ár mér til dægrastyttingar en bækurnar um Shaquille O'Neal og Lance Armstrong var það síðast sem ég las og hafði gaman af.

Uppáhalds leikari? Stallone, Van Damme, Schwarzenegger og allir þessir helstu!

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Það er væntanlega Bloodsport með Van Damme eða Rocky IV þar sem Stallone hefnir fyrir dauða féлага síns, klassik.

Hvað gerir þú í frístundum þínum?

Hjóla, spila golf og svo er rólegheit í bústaðnum með konu og barni komið ofarlega á listann.



Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Hofsós og Höfði á Höfðaströnd.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Stundvísi og heidarleiki.

Hvern vildir þú helst hitta? Þeir eru nú nokkuð margir en ætli að það yrði ekki Larry Bird sem yrði fyrir valinu ásamt Michael Jordan, það yrði ágætis teboð!

Uppáhalds vefsíða? Ætli að það sé ekki twitter í augnablikinu.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Mig langaði hrikalega mikið í ný heymatöl og fékk ég þau.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

5 milljónir í happdrætti? Borga ca. 4 milljónir upp í nýja íbúð og fara svo með fjölskylduna í gott frí fyrir rest.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Fá eina verslun eins og Melabúðina hingað inn á Nesið (hverfisbúð).

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Reyna að fara aftur í atvinnumennsku í handboltanum

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Við fjölskyldan setum stefnuna á að komast í sól í nokkra daga, svo verður það eflaust bara bústaður og farið norður þar sem við eigum ættir að rekja.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Helga heimsækir Bókasafnið

Helga Guðrún Johnson verður gestur Bókasafns Seltjarnarness þriðjudagskvöldið 3. febrúar kl. 19:30 og segir þar frá og fjallar um tildrög nýútkominnar verðlaunasögu sinnar Saga þeirra, sagan mín.

Bók Helgu Guðrúnar hlaut verðskuldað lof og jákvæða umfjöllun þegar hún kom út skömmu fyrir júl en þar rekur rithöfundurinn margslungna örlagasögu þriggja kvenna sem tengjast ættarböndum. Um bókina sagði Egill Helgason í Kiljuni: „Stór og mikil saga. Heillandi aldarspeglir. Bók sem ég held að margir eigi eftir að vilja drekka í sig um jólin.“ Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.



Brakandi góð og vel bökuð súrdeigsbrauð að hætti Jóa Fel

Steinbökuð hollustubrauð með heilkorni.

Enginn viðbættur sykur!



*Kóngabrauð, gróft súrdeigsbrauð
með heilkornamjöli (án hvíts hveitis)*



*Nýtt – Toscana, súrdeigsbrauð
með heilkorna hveiti*

*Sveitabrauð, dökkt
súrdeigsbrauð
með heilkorni og rúgi*



**Jói
Fel**